



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 9. nóvember 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða, 20. mál.**

Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir er nú lögð fram fjórða löggjafarþingið í röð, að langmestu leiti óbreytt að efni til. Fyrir liggja umsagnir Landgræðslu ríkisins um þingsályktunartillögu þessa, sjá umsögn um 414. mál á 146. löggjafarþingi, umsögn um 48. mál á 147. löggjafarþingi og umsögn um 52. mál á 148. löggjafarþingi, og vísast til þeirra.

Eins og bent er á í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu hafa, á vef Stjórnarráðsins, verið lögð fram drög að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Drög þessi voru kynnt haustið 2017 og bæði hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Í þeim drögum er tekið á mörgum þeim þáttum sem sýnt er að taka þurfi á í eigendastefnu fyrir bújarðir. Stofnunin telur, eins og fram kom í fyrri umsögnum, að eðlilegt sé að tekið sé á öllum þáttum tengdum bújörðum o.fl. í þeirri einu stefnu.

Fyrirhugaðar aðgerðir í loftslagsmálum, bæði binding með landgræðslu og skógrækt og stöðvun losunar koldíoxíðs frá framræstu votlendi, eru þættir sem munu hafa aukið vægi á næstu árum. Það er mat Landgræðslu ríkisins að brýn nauðsyn sé til að gengið verði frá eigendastefna ríkisins fyrir jarðir, lönd, lóðir og auðlindir hið allra fyrsta og þeirri stefnu svo framfylgt. Við þessa vinnu er eðlilegt að sérstakt tillit verði tekið bújarða, sem og annarra þátta.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birgir Snær Fannarsson